

13. gr.

72

Óhlýðni við fyrirmæli forðagæslumanna um heyásetning, fóðuröflun eða förgun búpenings og aðrar fyrirskipanir þeirra varðar sektum frá 5—100 kr.

3. júní

Ef forðagæslumaður brýtur gegn reglugjörð þessari varðar það sektum frá 5—100 krónum.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 2 nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

73

3. júní

fyrir forðagæslumenn í Strandasýslu.

1. gr.

Forðagæslumenn skulu í hreppi hverjum ekki vera fleiri, en hjer segir:

- Í Bæjarhreppi 2
- Í Óspakseyrarhreppi 1
- Í Fellshreppi 1
- Í Kirkjubólshreppi 2
- Í Hrófbergshreppi 2
- Í Kaldrananeshreppi 2
- Í Árneshreppi 3.

73

3. júní

2. gr.

Forðagæslumenn skulu koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem þeim hefir verið falið til umsjónar; í fyrra skiftið frá 1.—15. nóvembermánaðar og í síðara skiftið á tímabilinu frá 20. marsmán. til 20. aprilmán. Þar að auki skulu þeir kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld.

Upplýsingar um ástand búpenings, hirðingar og heyfyrningar skulu forðagæslumenn afla sjer hjá bændum, en þar sem þeim þykir þær tortryggilegar skulu þeir fara aukaferð. Í hverri ferð skulu þeir athuga vandlega peningsfjölda hvers bónda og meðferð á skepnum.

Þeir skulu ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, svo og húsakynni fyrir búpening; þar að auki skulu forðagæslumenn svo oft sem þörf krefur gjöra sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

3. gr.

Forðagæslumenn skulu á eftirlitsferðum sínum mæla heybirgðir manna og aðrar fóðurbirgðir og áætla eftir föngum fóðurgildi þeirra og skýra mönnum frá hversu margar skepnur þeir telji óhætt að setja á þær. Verði forðagæslumenn varir við að leiðbeiningum þeirra hafi ekki verið hlýtt einhversstaðar, ber þeim að hafa sjerstakar gætur á því heimili.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðanir sínar í þartil gjörða bók. Eftir hverja skoðun skulu þeir tilkynna hreppsnefnd brjeflega hvernig ástatt sje í hreppnum og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gjörist á aukaskoðunum skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verði vísari og hveurrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum bónda holl ráð og bendingar um heyásetning og skepnuhirðingu. Á vori hverju skulu þeir gefa hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu, svo og umgang í húsum og heystæðum. Táknastr vitnisburðir þessir með tölunum: 6, 5, 4, 3, 2, 1, eða orðunum: ágætlega, vel, sæmilega, laklega, illa og afar illa. Skulu forðagæslumenn grenslast eftir hjá hverjum skepnu eiganda, hvað

gjafatíminn muni hafa samsvarað margra vikna innistöðutíma fyrir hverja skepnu- **73**
tegund út af fyrir sig, og spyrjast rækilega fyrir um vanhöld á þeim búpeningi, 3. júní
er á vetur var settur, svo og unglambadauða.

Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um
það fardagaár, sem þá er að enda, og skal sýslumaður leggja skýrsluna fyrir
næsta sýslufund til athugunar.

Á næstu vorhreppaskilum skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslu-
bók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við
hreppsnefnd, alt að 2 kr. fyrir hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð og
greiðist borgun þeirra úr sveitarsjóði.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum samkvæmt 12. gr. laga um
forðagæslu 10. nóv. 1913.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá
10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.